



Notalegar sögur

Smásögur

Raddir frá Hólmanesi

Eftir Stefán Sigurkarlsson

Ormstunga, 158 bls.

„Já, maður telur sig vita eitt og annað; jafnvel töluvert um sumt. En ef við hugsum um ljónslappann á vorin og söng músarindlanna, sjáum við að þekking okkar er í molum“ (24) segir sögumaður í *Raddir frá Hólmanesi* eftir Stefán Sigurkarlsson. Stefán er fæddur 1930 og hefur sent frá sér bæði ljóðabækur og smásögur auk einnar skáldsögu. Bókin inniheldur ellefu smásögur sem gerast fyrir nokkrum áratugum í svonefndum Hólmanesbæ við Jökulflóa. Sögurnar fjalla um íbúa bæjarins og nærsveitanna, ástir þeirra og meinleg örlög. Apótekarinn á staðnum segir sögurnar, þær eru hefðbundnar í byggingu og oftast með óvæntum endi. Sumar þeirra eru upphaflega þjóðsögur eða slúðursögur, hafðar eftir nafngreindum persónum eins og Málfríði Jónsdóttur frá Hlíð í Hulduhlíðarsveit, en aðrar lýsa atburðum sem apótekarinn og kona hans lentu sjálf í. Sögumaður er alvitur, ágengur og yfirlýsingaglaður en hefur hlýjan húmor fyrir sjálfum sér og samlíðan með öðru fólki.

Nokkrar sögur eru alveg ágætar, *Venena* fjallar um breyskan prest sem dregur fermingarbarn á talar (það er reyndar hæpið að hafa það söguefni í flimtingum), *Blað úr ferðadagbók* verður til út frá misskilningi og fordómum apótekarans, *Brandur* er sköndin saga um kött sem þjáist af geðklofa og auðtrúa eigendur hans eru hafðir að féþúfu. *Björg* er um týpískt kvenskass sem leikur sér að karlmönnum. Bitastæðasta sagan í bókinni er *Hrímað tungl* sem segir frá mannlegum harmleik fyrr á öldum, höfð eftir áður nefndri Málfríði. Ef hægt er að tala um þema eða efnispátt í sögunum ellefu sem skýtur upp kolli víða, þá er það helst trúgirni og grandaleysi sem óprúttir nýta sér.

Í heild eru smásögur Stefáns glettnar og góðlátlegar frásagnir af fólki. Það er ekki hægt að tala um mikil stíltílfir eða mergjað myndmál í þeim en þær eru notalegar og reyna ekki að vera neitt annað en þær eru.

Steinunn Inga Óttarsdóttir, <http://steinunninga.wordpress.com/>